



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21.03.2021
Tilvísun: 202103-0005

Efni: Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (mansal), 550. mál, 121. löggjafarþing.

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til breytingar á mansalsákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Nánar tiltekið er um að ræða ákvæði 227. gr. a í lögnum.

ASÍ hefur á undanförnum árum barist fyrir aukinni meðvitund á vinnumansali sem stækkandi vandamáli á Íslandi. Allar erlendar sem og innlendar rannsóknir sýna að Ísland er ekki undanskilið í þessum efnum og mansalsbrot eru brot sem getur leitt til mikils gróða fyrir hinn brotlega. ASÍ fagnar því sérstaklega að það frumvarp sem hér um ræðir sé nú komið fram og styður framgang þess að lögum.

Viðurkennt er að mansalsmál eru sérlega flókin í rannsókn og saksókn og því þarf að huga vel að orðalagi ákvæðisins og þar sem mansalsbrot eru tiltölulega ný á hinu sviði alþjóðlegs refsiréttar þá er mjög mikilvægt að fylgjast með framkvæmd mála í öðrum löndum og draga lærdóm af þeim auk þess sem uppfæra þarf lagaákvæðið með reglulegu millibili sé ástæða til þess í ljósi framkvæmdar þess.

Varðandi viðeigandi hugtakanotkun og rétt samspil milli lagaákvæðis og greinargerðar þá koma bæði Útlendingastofnun og Vinnueftirlitið með athugasemdir sem ASÍ telur rétt að nefndin skoði vandlega. Nauðsynlegt er að finna rétt samspil á milli almennra ákvæða sem fanga margbreytileg brot annars vegar og orðalag sem er skýrt og greinilegt og uppfyllir skýrleikakröfur refsiréttar hins vegar. ASÍ telur að svo sé gert í frumvarpinu en telur þó athugasemdir Útlendingastofnunar og Vinnueftirlitsins við frumvarp þetta kalla á nánari skoðun nefndarinnar enda sé nauðsynlegt að vanda sérstaklega vel til verka í svo flóknu verkefni sem hér um ræðir.

Til viðbótar við allt framangreint vill ASÍ ítreka sérstaklega nauðsyn þess að gætilega sé hugað að fræðslu og þjálfun á öllum stigum löggæslu og saksóknar

þegar kemur að meintum mansalsbrotum. Þolendur mansals eru einstaklingar sem er í sérstaklega berskjaldaðri stöðu og taka verður mið af því á öllum stigum mála sem upp koma.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Halldór Oddsson'.

Halldór Oddsson
Lögfræðingur hjá ASÍ.
halldoro@asi.is / s. 535-5600